



2024

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársskýrsla fyrir starfsárið 2024





EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	2
Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs	3
Skrifstofa Starfsmannafélags Kópavogs	5
Nýjar mínar síður	6
BSRB	8
Fræðslusjóður Starfsmannafélags Kópavogs	12
Hlutverk og ábyrgð trúnaðarmanna	14
Fræðslusetur Starfsmennt	18
VIRK endurhæfingasjóður	19
Sveitarfélag ársins	20
Landsfundur Bæjarstarfsmannafélaga	22
Kvennafrídagurinn	23
Varða	24



ÁVARP FORMANNS



Árið hefur verið viðburðaríkt og að sama skapi hefur það verið bæði krefjandi og lærdómsríkt.

Eitt meginverkefni stéttarfélaganna hefur falist í því að vekja vinnandi fólk til meðvitundar um vald sitt til að knýja fram breytingar á samfélaginu. Það er þörf á að minna á það sem hefur áunnist á síðustu árum og áratugum t.d. varðandi fæðingarorlof, lífeyrisréttindi, orlofsrétt, veikindarétt og svo mætti lengi telja. Það hefur sýnt sig að þau réttindi sem hafast unnist geta staðið höllum fæti og ef ekki er staðið sterkt á bak við þau réttindi getur orðið afturför í baráttunni. Það er ekkert launungarmál að við sjáum það í jafnréttisbaráttunni, baráttu sem hefur staðið lengi yfir og tekið langan tíma. Nú er enn mikilvægara fyrir verkalyðshreyfinguna að standa í báðar fætuna og missa ekki sjónar af stórum verkefnum sem fram undan eru og það hefur Starfsmannafélag Kópavogs gert undir sterkri forystu BSRB og annarra stéttarféлага.

Um mitt árið 2024 var skrifað undir kjarasamning sem gildir til 2028 eða til fjögurra ára. Við höfum náð mikilvægum áföngum í kjarasamningum, þrátt fyrir að efnahagsaðstæður hafi verið krefjandi. Verðbólga og háir vextir hafa sett margar fjölskyldur í þrönga stöðu, en árangurinn sem við höfum náð skiptir miklu máli fyrir kaupmátt og lífskjör félagsfólks.

Árið 2023 var kröftugt og félagsfólk í Starfsmannafélagi Kópavogs sýndi kraft sinn, baráttu og samstöðu. Baráttu okkar í þeirri kjaralotu segir okkur enn og aftur að ekkert kemur af sjálfu sér og stöðugt þarf að minna á mikilvægi starfa innan sveitarfélaga. Sá samningur var til eins árs og því var vítað að árið 2024 myndi verða áskorun – því var hafist handa snemma á nýju ári vegna þessa stóra verkefnis. Það skilaði þeim árangri að skrifað var undir kjarasamning um mitt árið, til fjögurra ára.

Árið 2024 voru haldnir viðburðir sem minna á þann mikla kraft sem er innan stéttarfélagsins og hér væri hægt að nefna t.d. 5 ára endurmat starfa, kvennafrídagurinn 2024, 1. maí, Þing BSRB, Landsfundur Bæjarstarfsmannafélaganna innan BSRB, öflug trúnaðarmannafræðsla og svo mætti lengi telja.

Samán erum við sterk og það höfum við heldur betur sannað og hefur félagsfólk í Starfsmannafélagi Kópavogs sýnt og sannað hvers megnug þau eru. Ég er einstaklega stolt og hræð yfir þeirri samstöðu sem hefur myndast innan félagsins og hlakka til að takast á við ný verkefni.

Starfsemi Starfsmannafélags Kópavogs

Starfsmannafélag Kópavogs var stofnað 28.
desember 1958

Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs árin 2024-2025:

Marta Ólöf Jónsdóttir, formaður

Jóhannes Ævar Hilmarsson, varaformaður

Elísabet Stefánsdóttir, ritari

Málfríður A. Gunnlaugsdóttir, gjaldkeri

Gunnar Heimir Ragnarsson, meðstjórnandi

Varmenn:

Herdís Þóra Snorradóttir

Steina Sigurðardóttir

Stjórn Vísindasjóðs

Marta Ólöf Jónsdóttir

Jón Júlíusson

Ingólfur Arnarsson

Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir

Stjórn orlofsnefndar árið 2024 – 2025:

Sigurður Þ. Kjartansson, formaður

Íris Dögg Sverrisdóttir, ritari

Kamilla E. Elísabetardóttir

Ottar Guðmundsson

Sunna S. Söbeck,

Varmenn:

Guðmundur Kjartansson

Gylfi Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga

Atli Sturluson

Bára Eyland

Varamenn:

Guðrún Hauksdóttir

Ómar Stefánsson



**Stjórn
Starfsmannafélags
Kópavogs er skipuð
fólki með fjölbreytta
reynslu**

STJÓRN STARFSMANNA- FÉLAGS KÓPAVOGS

Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs hélt 12 fundi á árinu 2024.

Fundir stjórnar eru alla jafna staðfundir og haldnir í Bæjarlind 14 í Kópavogi. En auk þess þá hefur stjórn verið virk í að nota rafrænar þátttökuleiðir þegar svo ber undir og halda Teamsfundi. Skipulagðir fundir stjórnar eru yfirleitt einu sinni í mánuði en geta verið oftari ef þurfa þykir.

Eins og gera má ráð fyrir þá koma fjöldamörg mál til afgreiðslu stjórnar á árinu, en fyrri hluti árs litaðist mjög af gerð kjarasamninga.

Á milli aðalfunda fer stjórn SfK með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórnin stýrir starfsemi í samræmi við lög félagsins og stefnumörkun aðalfundar. Stjórnina skipa alls sjö aðalfulltrúar, fimm aðalmenn og tveir til vara.

SKRIFSTOFA STARFSMANNAFÉLAGS KÓPAVOGS

Starfsfólk Starfsmannafélags Kópavogs tekst á við mörg verkefni og markmið með starfinu er alltaf að veita félagsfólki okkar þjónustu. Starfsfólk fylgir eftir málefnum félagsins sem mótuð eru af kjörnum fulltrúum þess. Starfsfólk gætir hagsmuna félagsfólks og er ávallt tilbúið að veita aðstoð er varðar þau málefni sem koma inn á borð félagsins. Málefni eru mörg og af margvíslegum toga. Félagsfólk okkar vinnur við ólík störf á margvíslegum starfsstöðvum á vegum Kópavogsbæjar.

Starfsfólk SfK undirbýr mál og skipuleggur aðalfund félagsins, stjórnarfund, fundi trúnaðarmannaráðs, fundi orlofsnefndar og aðra fundi sem haldnir eru hvort sem það eru viðburðir eða annað. Starfsfólk veitir félagsfólki þess fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, t.d. varðandi kjaramál, réttindi, orlofsmál, réttindi í sjóði, fræðslu, menntamál og fleira.

Orlofsmálin eru stór þáttur í starfsemi félagsins og stöðugt er verið að bæta kerfin, sinna viðhaldi og öðrum búnaði, vera í samskiptum við umsjónarmenn, kaupa fasteignir og svo mætti lengi telja. En félagið á sjö fasteignir.

Starfsfólk og stjórn SfK leitast við í hvívetna að skoða alla verkferla, hvernig og með hvaða hætti sé best að mæta þörfum okkar félagsfólks enda er það á öllum aldri. Stefnumótunarvinna hófst síðasta haust, en þar var leitast við að skipuleggja starfsemi félagsins og skoða hvaða tækifæri er hægt að nýta til að mæta þörfum félagsfólks með upplýsingagjöf og bættri þjónustu og fleira í huga.

Hjá Starfsmannafélagi Kópavogs starfar jákvætt starfsfólk með mikla þekkingu og reynslu.



Elsa Ósk
Alfreðsdóttir
Verkefnastjóri



Helga
Hafsteinsdóttir
Þjónustufulltrú



Marta Ólög
Jónsdóttir
Formaður

Nýjar mínar síður voru opnaðar á árinu 2024

Síðla árs 2024 voru nýjar mínar síður opnaðar og var það bylting í þjónustu við félagsfólk en í Starfsmannafélagi Kópavogs er 1.440 félagsfólk.



**Starfsmannafélag Kópavogs
er vaxandi stéttarfélag**

Félagsfólk er um 1.500

Nú getur félagsfólk skráð sig inn á mínar síður í gegnum heimasíðu félagsins og þær halda utan um alla orlofskostina en einnig utan um styrki.

Nú er handhægt að skoða alla þá orlofskosti sem félagið hefur upp á bjóða hvort sem það er að leigja orlofshús, panta veiðikort, útilegukort, ferðaávisun eða Icelandair gjafabréf. Félagið á sjö eignir, þær eru; Bjarkarárs og Birkihlíð í Munaðarnesi, Þverlág á Flúðum, Eiðavatn á Egilsstöðum, Hvassaland á Akureyri, Hvammur í Reykjaskógi og Arnarborg í Stykkishólmi.

Inni á mínum síðum er nú hægt að skoða styrki sem félagið veitir vegna náms og námskeiða, tómstundastyrk og styrk vegna líkamsræktar.

Með auðveldum hætti getur nú félagsfólk séð stöðu styrkja, bætt við gögnum og séð stöðu umsókna. Mínar síður eru í stöðugri þróun og til framtíðar munu mínar síður geta haldið utan um viðburði og annað á vegum félagsins.

Líkamsræktarstyrkur Félagssjóður SfK

Hámarks styrkur
12.000 kr.

Eftirstöðvar
12.000 kr.

Sækja Um

Tómstunda- og lífsleikninámskeið Starfsmenntunarsjóður SfK


Hámarks styrkur
25.000 kr.

Eftirstöðvar
25.000 kr.

Sækja Um

STARFSMANNAFÉLAG KÓPAVOGS Í MYNDMÁLI

FJÖLDI FÉLAGSFOLKS Í STARFSMANNAFÉLAGI KÓPAVOGS EFTIR
ALDRI



KONUR ERU Í MIKLUM MEIRIHLUTA OG TELJA 1059 Á MEÐAN
FJÖLDI KARLA ERU 437




29%



71%

Í félaginu eru 1494
félagsmenn og 1
lífeyrisdeild eru 213
félagar, í heildina er 1714
einstaklingar



BSRB



Mynd: Hari

BSRB eru stærstu heildarsamtök starfsfólks í almannaþjónustu á Íslandi. Bandalagið var stofnað þann 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélögum með samtals um 1.550 félagsmenn.

BSRB hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélögin 19 talsins með um það bil 25.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna aðildarfélaga **BSRB** eru konur.

Bandalagið leiðir hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar í almannaðjónustu hjá ríki, sveitarfélögum, óhagnaðarðrífnum stofnunum og almennum vinnumarkaði. Bandalagið talar máli félagsmanna aðildarfélaga gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og vinnur að markmiðum sínum um að stuðla að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði í samfélaginu.

Hlutverk **BSRB** er einnig að efla aðildarfélög bandalagsins og styðja þau í því að veita félagsmönnum góða þjónustu. Hluti af því er stuðningur við gerð kjarasamninga, aðstoð við úrlausnir á lögfræðilegum álitaeftum, ýmsar greiningar og rannsóknir á sviði hagfræði og stjórnsýslu og vinna tengd fræðslu- og upplýsingamálum.

Aðildarfélög **BSRB** geta falið bandalaginu að fara með samningsrétt fyrir sína hönd í kjarasamningum í þeim málum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni en kjarasamningsmál og gerð kjarasamninga er á hendi hvers aðildarfélags.

Þing **BSRB**, sem haldin eru þriðja hvert ár, fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þar móta þingfulltrúar stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins, það 47. í röðinni, var haldið þann 2. – 4. október sl.

Starfsmannafélag Kópavogs átti 12 fulltrúa á þingi **BSRB** sem tóku þátt í málefnanefndum, en þær voru kjaramál, velferðarmál, jafnrétti og jöfnuður og framtíðarvinnumarkaðurinn. Á þingi **BSRB** kusu þingfulltrúar formann, tvo varaformenn og stjórnarmenn sem stýra starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir.

Næsta þing **BSRB** verður haldið 13. - 15. október 2027 á Hilton Reykjavík Nordica

NEFNDARSTÖRF INNAN BSRB

Starfsmannafélag Kópavogs á fulltrúa í öllum nefndum innan BSRB.

1 Nefnd um afkomaöryggi

Steina Sigurðardóttir

2 Jafnréttisnefnd

Elísabet Stefánsdóttir

3 Nefnd um almannajónustu

Gunnar Heimir Ragnarsson

4 Heilbrigðisnefnd

Jóhannes Ævar Hilmarsson

5 Framtíðarnefnd

Málfriður Anna Gunnlaugsdóttir

6 Réttindanefnd

Marta Ólöf Jónsdóttir

7 Nefnd um lífeyrismál

Marta Ólöf Jónsdóttir

Hlutverk nefndastarfs innan BSRB er að taka til umfjöllunar álitamál sem varðar vinnumarkaðinn, jafnrétti í allri sinni mynd, málefni almannajónustu, heilbrigðismála, húsnæðismála og skattamála, lífeyrismála og réttindamála okkar félagsfólks.

Það er ljóst að ekkert kemur af sjálfu sér og ávallt þarf að standa vörð um þau réttindi sem þegar hafa áunnist. Samfélagið sér stéttarfélögum um heim allan fyrir verkefnum sem verður að hafa stöðuga eftirfylgni á eins og t.d. málefnum aldraðra, barna, hinsegin mála, innflytjenda, fólks með skerta starfsgetu svo eitthvað sé nefnt.



FORMANNARÁÐ BSRB



Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarféлага bandalagsins hverju sinni. Ráðið mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem koma upp milli þinga bandalagsins og fylgir eftir framkvæmd samþykktu þingsins og annarra mála sem þingið vísar til ráðsins. Fundir ráðsins, sem haldnir eru að minnsta kosti þrisvar á ári, er einnig vettvangur samráðs aðildarféлага bandalagsins. Formaður BSRB er jafnframt formaður ráðsins.

Arna Jakobína Björnsdóttir – Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu

Arnar Hjálmsson – Félag íslenskra flugumferðarstjóra

Árný Erla Bjarnadóttir – FOSS – stéttarfélag í almannajónustu

Edda Davíðsdóttir – Starfsmannafélag Mosfellsbæjar

Fjölur Sæmundsson – Landssamband lögreglumanna

Guðbjörn Guðbjörnsson – Tollvarðafélags Íslands

Guðbrandur Jónsson – Félag starfsmanna stjórnarráðsins

Hafsteinn Ólason – Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi

Hermína Hreiðarsdóttir – Starfsmannafélag Húsavíkur

Jóhanna Fríður Bjarnadóttir – Póstmannafélag Íslands

Karl Rúnar Þórsson – Starfsmannafélag Hafnarfjarðar

Gunnar Hrafn Gunnarsson – Starfsmannafélag Garðabæjar

Bjarni Ingimarsson – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Marta Ólöf Jónsdóttir – Starfsmannafélag Kópavogs

Trausti Björgvinsson – Starfsmannafélag Suðurnesja

Sandra Bryndísardóttir Franks – Sjúkraliðafélag Íslands

Sonja Ýr Þorbergsdóttir – Formaður BSRB

Unnar Örn Ólafsson – Félag flugmálastarfsmanna ríkisins

Unnur Sigmarsdóttir – Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar

Þórarinn Eyfjörð – Sameyki stéttarfélag í almannajónustu

47. ÞING BSRB

2. – 4. október 2024



Starfsmannafélag Kópavogs átti 12 fulltrúa á þingi **BSRB** að þessu sinni, en það er töluverð aukning frá fyrra þingi en þá átti Starfsmannafélag Kópavogs 9 fulltrúa en það er í takt við aukningu félagsfólks í **SfK**.

Þingið sóttu stjórn og trúnaðarmenn **SfK** og tóku þeir þátt í málefnaþópum sem voru; kjaramál, velferðarmál, jafnrétti og jöfnuður og framtíðarvinnumarkaðurinn.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir var endurkjörin formaður **BSRB** en hún hefur verið formaður bandalagsins síða 2018. Þá voru þau Fjölur Sæmundsson, formaður Landssambands lögreglumanna, kjörin nýr 1. varaformaður og Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélag í almannajónustu endurkjörin í embætti 2. varaformanns

BSRB. Formaður **SfK** situr nú í stjórn **BSRB** eftir kosningu á þingi **BSRB**.

Ályktanir 47. þings **BSRB** voru eftir farandi:



UM efnahagsmál

Um málefni innflytjenda

Um húsnæðismál

Um kvenfrelsi

Um að brúa umönnunarbilið



Um réttlát umskipti

Um heilbrigðismál

Um sí- og endurmenntun

FRÆÐSLUSTYRKIR ÚR STARFSMENNTASJÓÐI

Á árinu 2024 voru greiddar 312 umsóknir úr starfsmenntasjóð til félagsfólks, en þær voru 390 árinu 2023. Umsóknum fækkaði um 78.

Það voru veittir 13 styrkir til félagsfólks vegna íslenskunáms sem hefur annað móðurmál en íslensku, en þeir voru 6 á árinu 2023.

Það voru veittir 23 styrkir vegna ráðstefnu innanlands og eða erlendis en þeir voru 132 á árinu 2023 og 106 á árinu 2022. Það er fækkun upp á 199 styrki, ekki er um eiginlega fækkun að ræða, heldur starfar þessi breyting af því að á árinu 2023 var mikil uppsöfnuð þörf


vegna áhrifa Covid og takmörkun á ferðaháttum félagsfólks.

Veittur var 28 styrkir vegna tómstunda og er það sambærilegt og frá árinu 2023.


Styrkur til náms á framhaldsskólastigi voru 68 og er það sambærilegt og frá árinu 2023 en þá voru þeir 67.

Flestir styrkir eru vegna háskólanáms eða 180 og er það töluverð aukning frá árinu 2023 en þá voru styrkirnir 154.

Úthlutanir úr sjóðnum námu því 20.234.315 krónur og er það sambærilegt og 2023 en þá var úthlutað 19.483.697 krónum.




2023



Íslenska Ráðstefna Tómsundur Framhaldsnám Háskólagjöld




2024



Íslenska Ráðstefna Tómsundur Framhaldsnám Háskólagjöld

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ TRÚNAÐARMANNA



**Fundir
trúnaðarmannaráðs
voru fimm ár árinu**

Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsfólks Starfsmannafélags Kópavogs á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsfólks um kjara- og réttindamál og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu.

**TRÚNAÐARMENN ERU HELSTA TENGINGIN
VIÐ VINNUSTAÐINA. STÖRF ÞEIRRA ERU ÞVÍ
AFAR MIKILVÆGT GRASRÓTARSTARF**





Mynd frá fræðslufundi trúnaðarmanna í febrúar 2025

Trúnaðarmenn og stjórn Starfsmannafélags Kópavogs mynda saman Trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru um 41 talsins. Trúnaðarmenn eru helsta tenging félagsins við vinnustaðina og sinna þeir því afar mikilvægu grasrótastarfi. Allt félagsfolk getur boðið sig fram sem trúnaðarmenn. Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsfólks Starfsmannafélags Kópavogs á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsfólks og Starfsmannafélags Kópavogs og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, sem gagnast bæði í lífi og starfi. Einnig er á ábyrgð trúnaðarmanna að fjalla um kjara- og réttindamál starfsfólks á vinnustöðum, og miðla öðrum af þekkingu sinni um kjarasamninga sem hafa verið gerðir á opinberum vinnumarkaði. Fundir Trúnaðarmannaráðs voru fimm á árinu 2024. Starfsmannafélag Kópavogs hefur það að markmiði að viðhalda fjölbreytileika á fundunum, þar sem reynt er að hafa puttann á púlsinum og fjalla um kjaramál sem og málefni félagsins. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn hefur verið mjög fjölbreytt og mikið í boði af námskeiðum sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu. Markmiðið er að efla þekkingu trúnaðarmanna á kjaramálum, styrkja þá og efla í starfi.



Árið 2024 lagði Starfsmannafélag Kópavogs upp breytt fyrirkomulag á skipulagi trúnaðarmannafunda, þ.e.a.s.. að allir fundir fyrir komandi ár yrðu skipulagðir fram í tímann og settur upp tímaás. Þannig að fundir yrðu að öllu jafna í febrúar, apríl, september og desember, þetta eru þeir fundir sem SfK skipuleggur og heldur utan um. Einnig að í september ár hvert myndi SfK standa fyrir heilsdags fræðslufundi fyrir trúnaðarmenn og félagið myndi kortleggja þá fræðslu sem trúnaðarmenn væru helst að kalla eftir. Þannig megi betur mæta þeim verkefnum sem trúnaðarmenn eru að takast á við á sínum vinnustað. Þegar félagið lagði af stað í þessa vinnu var ljóst að gott tækifæri væri til að gera betur, bæði varðandi skipulag, tímasetningar, hvaða fræðslu ætti að bjóða upp á og fl.

Það er fyrir utan þau námskeið og fræðslu til trúnaðarmanna sem Félagsmannaskóli Alpýðunnar heldur utan um.





Haldinn var heilsdags fræðsludagur í Kríunesi í september 2024



Myndir frá fræðsludeginum



Boðið var upp á frábæra dagskrá þar sem að Eypór frá Þekkingarmiðlun var með námskeið um hlutverk trúnaðarmannsins, svo fór Helga þjónustufulltrúi SfK yfir orlofskosti félagsins og fl., og í lokinn kom Jón frá KVAN og var með hópefli fyrir hópinn. Félagið færði trúnaðarmönnum vörur merktar félaginu. Dagurinn tókst í alla staði mjög vel og var vel sóttur.



FRÆÐSLUSETRIÐ STARFSMENNT



Árið 2024 voru viðburðir og fræðslutilboð á vegum Starfsmenntar alls 435 sem er fjölgun frá fyrra ári þegar þau voru 365. Skráningar á námskeið voru tæplega 3.950 en árið á undan voru þær rétt tæplega 3.700. Starfsmennt veitti 16 stofnunum fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk á árinu 2023 sem er fjölgun frá fyrra ári þegar 14 stofnanir fengu slíka þjónustu. Áfram var lögð áhersla á að bjóða breitt úrval fræðslu og í samstarfi við ýmsa aðila. Framboð á námskeiðum um gervigreind og hagnýtingu hennar og þá var einnig lög áhersla á geðheilbrigðismál. Þá voru haldin námskeið um fordóma og inngildingu, fræðsla um málefni hinsegin fólks og hvernig er hægt að skapa styðjandi umhverfi fyrir trans fólk á vinnumarkaði. Verkefni um hæfnigreiningu starfa lauk í árslok. Upphaflega stóð til að greina hæfnikröfur fjögurra starfa þ.e. stuðningsfulltrúa í skólum, skólaritara, umsjónarmanna fasteigna og skólaliða í grunnskólum

en því síðastnefnda var ekki hægt að ljúka því ekki náðist lágmarkspátttaka í greiningarvinnuna. Starfaprófilar þriggja starfa liggja því fyrir sem og drög að matslistum á móti hæfnikröfum starfanna en slíkir matslistar geta nýst í raunfærnimati á móti viðmiðum starfa. Verkefnið var unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífs og með styrk frá starfsmenntunarsjóðum. Starfsmennt býður einstaklingum samtal við náms- og starfsráðgjafa, m.a. til að fá upplýsingar um margvíslegar leiðir til hæfnieflingar og starfsþróunar.

436

VIÐBURÐIR ÁRINU 2024

Stofnanir geta nýtt sér þjónustu Starfsmenntar á margvíslegan máta, m.a. með því að fá ráðgjafa að láni til að aðstoða við að greina fræðslu- og hæfniþarfir en einnig við að sinna umsýslu með námi og fræðslu fyrir starfsfólkið. Verkefni á

sviði þarfagreiningar fræðslu voru nokkur. Lokið var við að greina fræðsluþarfir starfsfólks Hljóðbókasafns Íslands en það verkefni hófst í árslok 2023. Kortlagning fræðsluþarfa starfsfólks, sem starfar á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum á skóla- og frístundarsviði Reykjavíkurborgar, fór fram á vormánuðum og í samstarfi við Háskóla Íslands fór fram kortlagning á fræðsluþörfum starfsfólks á framkvæmda- og tæknisviði og á upplýsingatæknisviði. Í september 2023 var mikilvægt skref var stigið í samvinnu um símenntun opinberra starfsmanna þegar undirritaður var samstarfssamningur við Starfsþróunarsetur háskólamanna um aðgang félagsfólks að námi á vettvangi Starfsmenntar. Samið var um að Starfsþróunarsetrið greiði fyrir þátttöku félagsfólks þeirra 17 aðildarfélaga setursins, sem starfar hjá ríki, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

VIRK ENDUR- HÆFINGARSJÓÐUR



VIRK

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarféлага og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Þrír ráðgjafar á vegum VIRK starfa í BSRB – húsinu. Starf þeirra felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik.



Atvinnutenging VIRK er samstarf VIRK við fyrirtæki og stofnanir í

tengslum við ráðningar starfsfólks.

Markmiðið er að ljúka starfsendurhæfingu á farsælan hátt með því að útvega einstaklingum störf við hæfi og fyrirtækjum gott starfsfólk ásamt því að halda uppi virkri atvinnuþátttöku á Íslandi og stuðla að heilbrigðu samfélagi.

Gott samstarf við fyrirtæki er grundvöllur farsællar atvinnutengingar.

Atvinnulífstenglar VIRK gegna lykilhlutverki í því að tengja einstaklinga við fyrirtæki eða stofnanir út frá óskum beggja og aðstoða einstaklinginn, en ekki síður vinnustaðinn.



Virk hefur búið til virknisdagatal með

jákvæðum tillögum fyrir hvern dag mánaðarins.

Tillögurnar eru í anda þess sem rannsóknir hafa sýnt að geti hjálpað fólki að lifa hamingjuríkara lífi sem að gefa að sér, tengjast öðrum, finna tilgang, leiks sér og njóta augnabliksins. Flestar þeirra eru bráðskemmtilegar og auðveldar í framkvæmd.

Þjónustukannanir VIRK sýna að þjónustuþegar eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu. Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi

starfsendurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK.

Félagsmenn sem leita til styrktarsjóð BSRB fá jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK.

Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB - húsinu.

SVEITARFÉLAG ÁRSINS

Starfsmannafélag Kópavogs stendur fyrir vali á sveitarfélagi ársins ásamt níu öðrum bæjarstarfsmannafélögum BSRB en valið byggir á niðurstöðu könnunar sem send er til starfsfólks sveitarfélaganna. Þau sveitarfélög sem fengu besta niðurstöðu voru heiðruð í athöfn í október síðastliðnum en þetta var í þriðja sinn sem sveitarfélag ársins er valið. Árið 2024 uppfylltu 22 sveitarfélag skilyrði þess að komast á lista til útnefningar og fengu fjögur þeirra nafnbótina „Sveitarfélag ársins 2024“. Þetta eru sveitarfélögin Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Skagaströnd, Bláskógabyggð og Sveitarfélagið Vogar. Þess má geta að Bláskógabyggð hlutu einnig sömu nafnbót árið 2023. Starfsfólk SfK annast þetta verkefni í samstarfi við Gallup sem sér um framkvæmd könnunarinnar fyrir bæjarstarfsmannafélögin tíu og sendir út rafrænan spurningalista til félagsfólks þeirra sem eru í 30% starfi eða meira og hafa verið félagsmenn í a.m.k. þrjá mánuði. Einnig gefst sveitarfélögum tækifæri til að gera sérstakan samning við Gallup og fá könnunina lagða fyrir allt starfsfólk þeirra óháð félagsaðild. Þannig geta í reynd öll sveitarfélög landsins tekið

þátt. Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi og stjórnun. Mælingin nær yfir fjölbreytta þætti en þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi sveitarfélaganna. Þáttagreining (e. factor analysis) er notuð til að greina þá undirliggjandi þætti sem eru mældir. Heildareinkunnin er vegið meðaltal úr þáttunum sem greindir eru og er hún grunnur útnefningar á Sveitarfélagi ársins. Undirbúningur fyrir könnunina Sveitarfélag ársins 2024 er hafinn og verður könnunin send til þátttakenda í apríl.



Árið 2024 uppfylltu 22 sveitarfélag skilyrði þess að komast á lista til útnefningar og fengu fjögur þeirra nafnbótina „Sveitarfélag ársins 2024“.

MÓTMÆLI Á AUSTURVELLI

10. SEPTEMBER 2024

VIÐ MÓTMÆLUM!
ÞANN 10. SEPT...

Boðað var til mótmæla á Austurvelli þann 10. september og nokkur fjöldi fólks kom saman á Austurvelli við þingsetningu Alþingis til að mótmæla aðgerðaleysi stjórnvalda í efnahagsmálum.

ASÍ, BSRB og KÍ stóðu fyrir fundinum og ræðumenn voru Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, Halla Gunnarsdóttir, varaformaður VR, og Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis. Fundarstjóri var Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Ræðumenn voru þungorðir og gagnrýndu ríkisstjórnina fyrir að taka ekki á þeim vanda sem ríkir á húsnæðismarkaði. Þá var kallað eftir því að stjórnvöld öxluðu ábyrgð gagnvart hárrí verðbólgu og vöxtum.

Þrálát verðbólga og háir vextir hafa haft alvarlegar afleiðingar á fjölda heimila landsins vegna síhækkandi verðs á nauðsynjavörum og húsnæðiskostnaðar. Ástandið bitnar verst á þeim sem minnst hafa á milli handanna og rannsóknir sýna að fólk ber ekki von til að ástandið lagist í bráð.

Þrátt fyrir að þetta hafi verið brýnasta viðfangsefni stjórnvalda síðustu ár hafa þau með athafnaleysi sínu neitað að axla ábyrgð á efnahagsástandinu og eftirlátið Seðlabankanum algerlega hagstjórnina. Skattalækkunum og óvæntum meiriháttar útgjöldum hefur ekki verið mætt með tekjuöflun, eftirlit með markaðsöflum er í skötulíki á meðan fákeppni ýtir undir hærri verðlag. Fögrum áformum um uppbyggingu húsnæðis hefur ekki verið fylgt eftir. Allt ýtir þetta undir verðbólguna og afleiðingarnar eru hátt vaxtastig langt umfram það sem heimilin og fyrirtækin geta borið.

Við sættum okkur ekki við aðgerðaleysið - stjórnvöld verða að sýna samstöðu með heimilum í landinu í verki! Strax!



LANDSFUNDUR BÆJARSTARFSMANNAFÉLAGA

Árlegur landsfundur Bæjarstarfsmannafélagana var haldin í Kriunesi 12. – 13. nóvember 2024.

Fundurinn ver vel sóttur en það voru fulltrúar frá 9 stéttarfélögum sem sóttu fundinn en það eru; Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Foss

stéttarfélag í almannajónustu, Starfsmannafélag Vestmanneyja, Kjölur stéttarfélag í almannajónustu og Sameyki stéttarfélag í almannajónustu.

ÁLYKTUN LANDSFUNDAR STÉTTARFÉLAGA STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA INNAN BSRB

Stéttarfélögin hvetja stjórnvöld til þess að horfa til félagslegs stöðugleika, ekki síður en þess efnahagslega, til að stuðla að stöðugleika í íslensku samfélagi. Nauðsynlegt er að forgangsraða í þágu uppbyggingar í velferðarkerfinu og hafna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Mönnun opinberrar starfsemi ríkis og sveitarfélaga þarf að haldast í hendur við þær kröfur sem gerðar eru til þeirrar opinberu þjónustu sem íbúar krefjast að veitt sé.

Sveitarfélög þurfa að bjóða starfsfólki gott starfsumhverfi og fjárfesta í starfsþróun sem býr til betri starfsskilyrði og eykur starfsánægju. Til að bæta þjónustustig sveitarfélaga, krefst Landsfundur stéttarfélaga starfsmanna sveitarfélaga þess að löggjafinn tryggi að lagarammi í kringum fjármögnun sveitarfélaga verði fullnægjandi.



KVENNAFRÍDAGURINN 24. OKTÓBER 2024

KVENNAVERK FALL – HVAÐ SVO?



Þann 24. október 2024 stóðu 34 samtök feminista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks fyrir viðburði í Bíó Paradís, þar sem framkvæmdastjórn Kvennaárs 2025 kynnir sameiginlegar kröfur gagnvart stjórnvöldum, nákvæmlega einu ári eftir Kvennaverksfall og stærsta baráttufund Íslandssögunnar.

Þá var einnig frumsýnd frábær heimildarmyndin „Dagurinn sem Ísland stöðvaðist,” eftir Pamelu Hogan og Hrafnhildi Gunnarsdóttur um Kvennafrídaginn 1975.

Hin magnaða kvennasamstaða þvert á pólitískar línur árið 1975 lagði hornsteininn að stórkostlegustu

þjóðfélagsbreytingum. En þrátt fyrir þrotlausa baráttu í hálfa öld búa konur enn við misrétti og ofbeldi.

KVENNAÁR 2025 þá verður ekki bara haldið upp á 50 ára afmæli Kvennafrís og Kvennaárs heldur eru einnig 50 ár frá upphafi Rauðsokkahreyfingarinnar. Átaks er þörf þegar kemur að ofbeldi og áreiti, launamisrétti, vanmat á störfum kvennastéttar. Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, vinna markvisst á inngildingu og virðingu fyrir fjölbreytileika og fjölmenningu ásamt því að auðvelda aðgengi fólks með fötlun að vinnumarkaðinum.

VARÐA RANNSÓKNASTOFA VINNUMARKAÐARINS

Ójöfnuður meðal kvenna á Íslandi á sér margs konar birtingamyndir

Ný rannsókn fræðikvenna sem kom út 2024,
við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og
Vörðu – Rannsóknastofnunar

vinnumarkaðarins sýnir að ójöfnuður meðal
kvenna á Íslandi eftir stétt og stöðu á sér
margs konar birtingarmyndir. Konur á lágum

launum (lægri laun en 499 þúsund) eiga erfiðara með að ná endum saman en aðrar
konur og herra hlutfall þeirra býr við efnislegan skort. Auk þess hafa þær í meiri
mæli þurft fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi, vinum eða ættingjum og félags- eða
hjálparsamtökum.

Konur á lágum launum telja einnig líklegra en aðrar konur að líf skjör þeirra muni
versna nokkuð eða mikið næsta árið. Herra hlutfall kvenna með lág laun og meðal
laun hefur þurft að neita sér um mat svo börn þeirra fái nóg að borða.

Þá kemur fram að:

- Byrði vegna umönnunar barna og heimilis er meiri meðal kvenna með lág
laun og grunnskólamenntun
- Háskólamenntaðar konur búa síst við efnislegan skort
- Líkamleg heilsa er verst meðal kvenna með grunnskólapróf eða sambærilega
menntun
- Skýrt mynstur er milli launa og andlegrar líðan
- Herra hlutfall kvenna með lág laun er með lítið félagslegt bakland

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins var stofnuð í maí 2020 af
Alþýðusambandi Íslands og BSRB.

Grundvöllurinn að stofnun sérstakrar rannsóknastofnunar á sviði vinnumarkaðar
endurspeglar í sameiginlegum markmiðum ASÍ og BSRB um að skapa víðtæka
þekkingu á lífsskilyrðum fólks, byggja brú á milli fræðasamfélagsins og
verkalýðshreyfingarinnar sem og að hvetja til sjálfstæðra rannsókna sem hafa þýðingu
fyrir launafólk.

